

BLÁ FIÐRILDI

Ljóð Leonards Cohen

FORMÁLSORÐ

Árið 1989 gaf Bókaútgáfan Reykholt út þýðingar mínar á ýmsum ljóðum ljóðskáldsins og ljóðasöngvarans Leonards Cohen. Þessi ljóð eru nú sett á vef til að fleiri geti notið þeirra.

Ljóðaskrá

Úr bókinni „Let Us Compare Mythologies" (1956).....	4
ÉG HEYRI FÓTATAK	4
SPÖRVARNIR	5
BRONSLITAÐ NAFN MITT	7
ÞAÐ SKIPTIR MIG ENGU	9
UMFERÐARSLYS	11
Úr bókinni „The Spice-Box of Earth" (1961).....	12
ÞÖGNIN AÐ GJÖF	12
HVAÐ ER FLUGDREKI?.....	13
ELSKENDURNIR SÖNNU	15
HEILABROT	17
GÆTTU ÞÍN!	18
GYÐINGUR	19
VIÐ TVÖ.....	21
Úr bókinni „Flowers for Hitler" (1964)	22
HITLER - HIN VITIBORNA MOLDVARPA	22
HVAÐ ER ÉG AÐ GERA HÉR?	23
Í JAKKAFÖTUM MEÐ HATT.....	24
LÆKNIR MEÐ KRABBA.....	25
LOKS HRINGDI ÉG	26
ÞÚSUND ÁRA RÍKIÐ.....	27
MISTÖK Í EINKALÍFINU	40
VERKEFNIÐ	41

BLÓM	44
VIKTORÍA DROTTNING OG ÉG.....	45
HLUTSKIPTI.....	47
GAMLÁRSKVÖLD	48
HEIMURINN	49
Úr bókinni „Parasites of Heaven" (1966)	50
ÞAÐ SNJÓAR.....	50
BLÁTT FIÐRILDI.....	51
SÚSANNA KLÆÐIST KÁPU ÚRLEÐRI.....	52
HJÓNABANDSINS ÞULA.....	55
HANN VAR SVO FALLEGUR	57
ÉG ER PRESTUR GUÐS.....	60
BÆN TIL ÞÍN, ÓKUNNI GUÐ.....	61
Ljóð ort eftir 1966	62
ÞETTA ER HANDA ÞÉR.....	62
ÞÚ ÞARFT EKKI	64
ÉG HITTI ÞIG	65
HÚN SYNGUR SVO VEL.....	66
TIL ÞESS YRKI ÉG.....	67
KJÖTÆTUR OG ANNAÐ FÓLK	68
AÐ LOKUM	69
FRÉDÉRIQUE LITLA	70
MARITA	73

Úr bókinni „Let Us Compare Mythologies" (1956)

ÉG HEYRI FÓTATAK

Ég heyrði sagt frá manni
sem segir orðín svo fallega
að konur gefa sig honum á vald
nefni hann aðeins nafn þeirra

Líggi ég mállaus við hlið þér
í þögn sem springur út
eins og æxli á vörum okkar
er það vegna þess að ég heyri mann
koma upp stigann
og ræskja sig fyrir utan dyrnar

SPÖRVARNIR

Angan komandi vetrar
berfyrir meitlaðar nasir þeirra
svikafuglanna
sem nú hafa yfirgefið oss
Deyðarlegir brúnir spörvarnir
eru einir eftir
til að hefja samningaviðræður um vorkomuna

Ég sagði þér að við værum fífl
að taka þá með í leikinn
en þú svaraðir:
Þetta eru bara upptrekkir fuglar
sem spranga um á skarlatsrauðum fótum
í vonlausri fjarlægð
frá bylgjandi fingrum okkar

Ég færði mig til að vara þig við
en þú lagfærðir bara á þér hárið
og misstir ekki kjarkinn:
Vængir þeirra eru úr gleri og gulli
og við erum heppin
að heyra þá ekki splundrast
í árekstri við sól

Og nú hvíla innantóm hreiðrin
eins og æxli eða steinrunnin blóm
milli vírgreinanna
og þú saklausí könnuður
spyrð mig um þessa brúnu spörva
- hvort við ættum að gróðursetja brauðmyslu
í lóðum okkar
eða merkja þær svörtum einþykkum krákunum
sem við hötum og grýtum

En hvað get ég svo sem sagt þér frá fari fugla
þegar árvissar fylgjar horfinna sumarflugla
draga upp gamlar myndir
á heiðskíran himinn
eða frá flótta í örvita skelfingu
þegar hið minnsta blakt litfagurra vængja
vekur fögnuð ímyndaðs vors
á heittelskuðum strætum okkar?

BRONSLITAÐ NAFN MITT

Nakin grátandi stúlkan
hugsar um nafn mitt
hún snýr bronslitu nafni mínu
hring eftir hring
með þúsund fingrum
líkama síns
og smyr axlir sínar
með tilhugsuninni um ilminn
af húð minni
Ó ég er hershöfðinginn
í sögu hennar
yfir ekrurnar
kný ég hestana miklu
klæddur í gullín klæði
vindurinn er á brjóstbrynjunni
sálin í magastað

Megi mjúkir fuglar
mjúkir eins og sagan í augum hennar
vernda andlit hennar
fyrir óvinum mínum
megi bardagafuglar
með oddhvassa vængi
mótaða í málmhöfum
gæta herbergis hennar
fyrir leigumorðingjum mínum

Nóttin fari mjúkum höndum
um stjörnurnar sem verða hreinar
af nöktu holdi hennar

[Sláðu inn hér]

Megi bronslitað nafn mitt
ætið njóta snertingar
þúsund fingra hennar
verða bjartara við grát hennar
þar til ég verð óhagganlegur eins og stjörnuþoka
og gleymist ekki
á þessum leynda og brothætta himni hennar

ÞAÐ SKIPTIR MIG ENGU

Það skiptir mig engu
hvernig þú myrtir fjölskyldu þína
þegar munnur þinn líður um líkama minn

Og ég þekki draumana þína þungu
um hrynjandi borgir og hófatak
um sólina sem kemur of nærri
og um nóttina sem aldrei endar

En ekkert af þessu skiptir mig máli
aðeins líkami þinn

Ég veit að úti geysar stríð
að þú gefur út skipanir
um að kæfa börn og hálshöggva foringja

En blóð skiptir mig engu
veldur mér engu hugarangri
þegar hendur mínar leika um hár þitt

Þú skalt þó ekki halda að ég skilji ekki
hvað gerist
þegar herliðin hafa verið stráfelld
og vændiskonurnar stungnar sverðum

Og ég skrifa þér þetta aðeins
til að ræna þig ánægjunni
svo að þegar höfuð mitt hangir
og úr því drýpur
hjá höfðum annarra foringja
við hlið þitt

svo að þú vitir
að allt þetta sá ég fyrir
svo að þú vitir
að það skipti mig engu

UMFERÐARSLYS

Hún segir mér að barn hafi byggt húsið hennar
eitt síðdegi um vor
en að barnið hafi látist
á leiðinni yfir götu

Hún segist hafa lesið það í dagblaðinu
að á horni þessarar og hinnar götu
hafi barn orðið fyrir bíl

Auðvitað trúi ég henni ekki
Hún byggði húsið sjálf
hengdi upp appelsínurnar og litaperlurnar
í dyragættir
vaxlituð blóm á veggina
pappírsóróana gerði hún handa vindinum
safnaði kræklóttu grjóti
vegna skugganna af þeim í sólinni
festi gular og dökkar blöðrur upp í loftið

Í hvert sinn sem ég heimsæki hana
endurtekur hún söguna um barnið við mig
Ég spyr hana aldrei
það er mikilvægt að þekkja sinn stað í goðsögninni

Ég tek mér stöðu
meðal pappírsfiska og þykjustunni-klukkna
segi nöfnin á blómunum sem hún er búin að teikna
brosi á meðan hún málar andlit mitt á stóra leirtöflu
og elska hana með eins konar viðhöfn
á meðan hún hugleiðir dauða sinn í umferðarslysi

Úr bókinni „The Spice-Box of Earth“ (1961)

ÞÖGNIN AÐ GJÖF

Þú segir mér að þögnin
sé nær friði en ljóðin
en ef ég færði þér þögnina að gjöf
(því að þögnina þekki ég)
segðir þú

þetta er ekki þögn
þetta er enn eitt ljóðið

Og þú mundir skila mér gjöfinni aftur

HVAÐ ER FLUGDREKI?

Flugdreki er fórnarlamb sem við vitum
hvar við höfum

Við elskum hann því að hann togar
nógu létt til að hafa okkur að húsbónda
nógu fast til að hafa okkur að fífli
því að hann lifir
eins og örvinglaður taminn fálki
hátt í hugljúfu loftinu
og við getum alltaf togað hann niður
og tamið til hlýðni ofan í skúffu

Flugdreki erfiskur sem við erum búin að veiða
í tjörn þar sem engir fiskar þrífast
svo að við leikum að honum nærgætið og lengi
og vonum að hann gefist aldrei upp
né að vindinn lægi

Flugdreki er síðasta ljóðið sem við ortum
við leyfum vindinum því að leika um hann
en við látum hann ekki frá okkur
fyrir en einhver finnur
eitthvað annað handa okkur að fást við

Flugdreki er samningur um lofgjörð
sem verður að gera við sólina
Við vingumst því við akrana
við ána og vindinn
síðan biðjumst við fyrir alla nóttina á undan
við skin víðföruls, snúrulauss tungls
svo að við verðum verðug
verðum ljóðræn og hrein

ELSKENDURNIR SÖNNU

Þetta eru elskendurnir
þau eru nafnlaus
- saga þeirra aðeins til fyrir hvort annað
og þetta er herbergið, rúmið og glugginn
Láttu eins og þetta sé helgiathöfn
losaðu um rúmfötin, feldu elskendurna,
myrkvaðu gluggana
leyfðu þeim að dvelja í þessu húsi
í einn eða tvo mannsaldra
Enginn vogar sér að trufla þau
Gestir á ganginum tipla á tám
framhá löngu læstum dyrunum
hlusta eftir hljóði, eftir andvarpi eða söng
Ekkert heyrir - ekki einu sinni andardráttur
Þú veist að þau eru ekki dáið
þú finnur návist ákafrar ástar þeirra
Börn þín vaxa úr grasi, flytja hurt frá þér
þau eru orðin hermenn, orðin knapar
Maki þinn deyr eftir ævilanga dyggð
Hver þekkir þig? Hver minnst þín?
En í húsi þínu fer helgiathöfn fram
Henni er ekki lokið. Það vantar fleira fólk
Dag einn er dyrunum lokið upp
að herbergi elskendanna
það er orðið að þéttgrónum garði
fullum lita, ilms og hljóða sem þú hefur aldrei kynnst
rúmið er slétt eins og obláta sólskins
og stendur eitt í garðinum miðjum
í rúminu elskast elskendurnir og njóta ástar sinnar
hægt, úthugsað, hljóðlega
augu þeirra eru lokuð

eins þétt og ef þungar kjöttöflur lægju á þeim
varir þeirra eru marðar - marið er gamalt og nýtt
hár hennar og skegg hans eru rammflækt saman
þegar hann ber varir sínar að öxlum hennar
er hún ekki viss um hvort axlir hennar
kysstu eða voru kysstar
allt hold hennar er eins og munnur
hann strýkur fingrum sínum um mitti hennar
og finnur að gælt er við hans eigið mitti
hún dregur hann að sér
og armar hans sjálfs taka fastar um hana
hún kyssir höndina sem liggur við munn hennar
hvort höndin er hans eða hennar skiptir litlu
kossarnir eru svo margir eftir
Þú stendur við rúmið grátandi af hamingju
þú flettir rúmfötunum varlega
af líkõmunum sem hreyfast svo hægt
augu þín eru full af tárur, þú rétt grillir í elskendurna
Meðan þú afklæðist syngurðu
og rödd þín er magnþrungin
því að nú trúir þú því
að hún sé fyrsta mannlega röddin
sem heyrir í þessu herbergi
fötin sem þú lætur falla breytast í vínvið
þú skríður upp í rúmið og endurheimtir hold þitt
þú lokar augunum og leyfir þeim að límast aftur
þú býrð til faðmlag sem þú sekkur í
þú finnur aðeins eitt andartak sársauka eða vafa
þegar þú brýtur heilann um hve margar mergðir fólks
liggi við hlið þér
en munnur kyssir
og huggandi hönd strýkur þetta andartak á brott

HEILABROT

Ég brýt um það heilann hve margir í þessari borg
búi í herbergjum með húsgögnum
Seint um nótt þegar ég horfi út á öll húsin
sver ég að ég sé andlit í hverjum glugga
sem horfa á móti mér
og þegar ég sný mér undan
brýt ég heilann um hve margir setjist aftur
við borðið sitt
og skrifi þetta niður

GÆTTU ÞÍN!

Ef nágranni þinn hverfur
æ ef nágranni þinn hverfur
rólyndi maðurinn sem rakaði flötina sína
stúlkan sem var alltaf í sólbaði

Nefndu það aldrei við konuna þína
segðu aldrei um matmálsleyti
Hvað skyldi hafa orðið um manninn
sem rakaði flötina sína?

Segðu aldrei við dóttur þína
er þið gangið heim úr kirkju
Undarlegt með þessa stúlku
hún hefur ekki sést í mánuð!

Og ef sonur þinn segir við þig
það býr enginn í næsta húsi
þau eru öll farin burt!
sendu hann þá kvöldmatarlausan í rúmið

Því að þetta getur breiðst út, getur breiðst út
og eitt fagurt kvöld þegar þú kemur heim
hafa kona þín, dóttir og sonur
gripið hugmyndina á lofti og yfirgefið þig

GYÐINGUR

Fyrir þig
skal ég vera fátækrahverfisgyðingur
dansa
draga hvíta sokka
á snúna fótleggi mína
eitra brunnana ykkar
út um alla borg

Fyrirþig
skal ég vera guðsafneitunargyðingur
segja spánska prestinum
frá blóðeiðnum
í Talmúðinum
hvar bein barnanna eru falin

Fyrirþig
skal ég vera bankastjóragyðingur
fella að velli
stoltan gamlan veiðikóng
enda feril hans

Fyrirþig
skal ég vera Broadwaygyðingur
gráta móður mína
í leikhúsunum
selja afsláttarvörur
framhjá skatti

Fyrirþig
skal ég vera læknisgyðingur
leita
í öllum rusladollum
að forhúðum
sauma þær á aftur

Fyrirþig
skal ég vera Dachaugyðingur
leggjast í duftið
með undna útlimi
uppbemdban sársauka
sem engin sál getur skilið

VIÐ TVÖ

Ég sofnaði næstum því
án þess að muna
eftir hvítu fjólunum fjórum
sem ég stakk í hnappagatið
á grænu peysunni þinni

og hve ákaft ég kyssti þig
og þú kysstir mig
feimin
rétt eins og við
hefðum aldrei elskast áður

Úr bókinni „Flowers for Hitler“ (1964)

HITLER - HIN VITIBORNA MOLDVARPA

Hitler hin vitiborna moldvarpa horfir út um augu mín
Göring bræðir gullstengur í innyflum mínum
Barkakýlið í mér tútnar utan um hausinn á Göbbels
Það þýðir ekkert að segja við mann
að hann sé gyðingur
Ég er að búa til lampaskerm úr kossi þínum
 Játaðu! játaðu!
er skipun þín
þótt þú haldir að þú gefir mér allt

HVAÐ ER ÉG AÐ GERA HÉR?

Ég veit ekki hvort veröldin hefur logið
en ég hef logið
ég veit ekki hvort veröldin hefur gert samsæri gegn ástinni
en ég hef gert það
Andrúmsloft pyndinga er engin skemmtun
en ég hef pyntað
Jafnvel án sveppasægsins
hefði ég hatað
Heyrið
ég hefði gert það sama
jafnvel þótt dauðinn væri ekki til
Mér verður ekki haldið eins og róna
undir kaldri bunu staðreyndanna
Ég hafna hinni algjöru fjarvistarsönnun

Eins og tómur símklefi sem fólk fer framhjá um nótt
og man eftir
eins og speglar í anddyri kvikmyndahallar
sem fólk lítur aðeins í
á leiðinni út
eins og vergjöm kona sem tengir þúsund karla
í sterkt bræðralag
- bíð ég
eftir játningu hvers og eins ykkar

Í JAKKAFÖTUM MEÐ HATT

Ég er læstur í rándýr jakkaföt
gömul, glæsileg og endingargóð
Aðeins hárinu hefur tekist að halda frelsi sínu
en einhver
hefur skilið eftirflösuna sína í því
Nú ætla ég að segja ykkur
allt sem hægt er að vita um bjartsýni
Sérhver dagur í hjólkoppaspegli
í speglun súpunnar
í augasteinum annars fólks
Ég aðgæti hár mitt
hvort í því sé her alpagreinasnillinga
hvort í því séu indverskir meistara- í kaðlabrögðum
hvort í því séu samanflæktir flugmenn
hvort í því séu dúfur og albatrosar
hvort í því séu sjálfsmyrt skordýr
hvort í því séu snjómennirnir ógurlegu

Ég aðgæti hár mitt
hvort í því séu einhvers konar loftfímleikamenn
Trúr og dyggur eins og sjálfvirk lyfta
greiði ég hár mitt vegna allra möguleikanna
Ég sting nefinu fram
ég halla mér ólöglega út um lestarglugga
og aðeins rakarans vegna
geng ég með hatt

LÆKNIR MEÐ KRABBA

Læknirinn frægi hélt uppi magasekknum
úr ömmu gömlu
Krabbi! Það er krabbi! hrópaði hann
Það dofnaði yfir sviðinu
og enginn kandídatanna hugsaði lengur
um starfsframa sinn

Krabbi! Þau litu öll undan
þau héldu að krabbinn læki út og næði þeim
þeim var illa við að vera nærri
Þetta gerðist í Læknaskóla Vilnaborgar

Enginn gat setið kyrr
kannski sætu þau við hlið krabbans!
krabbinn var nálægur!
krabbanum hafði verið hleypt úr flöskunni!

Ég horfði upp í birtuna
mig langaði til að verða læknir
læknakandídatarnir hlupu allir út
læknirinn frægi hélt áfram með magann

Hann var einn með krabbanum
krabba! krabba! krabbanum!
honum var sama hvort einhver fylgdist með
þetta var áttugasti og sjöundi krabbinn hans

LOKS HRINGDI ÉG

Loks hringdi ég í fólkið sem ég vildi ekki heyra í
eftir þriðju hringingu sagði ég
Ég læt hringja fimm sinnum enn, en hvað svo?
Síminn er ágætis tæki
en ég lærði aldrei almennilega á hann
Fimm sinnum enn og svo legg ég á
ég veit hvernig það er gert, svo mikið veit ég
Síminn er svartur með silfruðum hjólskífukanti
símklefinn var viðkunnanlegri en lyfjabúðin
þar voru alls kyns krem og skæri og túpur
sem líkami minn þarfnaðist
Ég hafði áhuga á mörgum kvefdropum
Ég hugsa að apótekarinn
hati símann sinn og fólk eins og mig
sem biður svo auðmjúkt um skiptimynt
Ég ákvað að halda áfram sömu götu
fara inn í fjórðu lyfjabúðina
og hringja aftur í þau

ÞÚSUND ÁRA RÍKIÐ

Þetta gæti orðið
bókin mín litla um ást
ef ég skrifaði hana
en góði djöfullinn í mér sagði:
„Burt með öll skjöl!"
Allir horfðu á mig
brenna bækur mínar
ég sveiflaði frelsiskyndli mínum
hamingjusamur eins og gestapóhrotti
það eina sem mig langaði að bjarga
var rispa
eitt eða tvö brunasár
en góði djöfullinn í mér sagði
„Burt með öll skjöl!
Eldurinn skiptir engu!"
Staflinn logaði vel og vandlega
ég fór heim í það
hringdi í ömmu
hún er með liðagigt
„Líði þér vel", sagði ég,
„láttu ekki sársaukann á þig fá."
„Ekki þú heldur", sagði hún
Klukkustundum síðar braut ég heilann um
hvort hún ætti við
að ég ætti ekki að láta minn sársauka
eða hennar
á mig fá
Því svaraði góði djöfullinn í mér:
„Er þetta allt sem þú getur lagt að mörkum?"
Var það?
Var þetta allt sem ég gat?

Þarna sat gamla konan
borðaði ein
hugsaði um Albert prins, Flanders Field, Kishenev
fingur hennar of sárir
fyrir sjónvarpshnappana
en hvernig gat ég komist þangað?
bækurnar voru farnar
heimilisfangalistinn
Góði djöfullinn í mér tók aftur til máls:
„Burt með öll skjöl!
Þú veist hvernig þú kemst þangað!"
Og allt í einu vissi ég það!
Ég mundi það með mínu eigin minni!
Ég fann hana
þar sem hún sökkti sér niður í ættartré kóngafólksins
„Amma"
hafði ég næstum sagt
„það er á hvolfi hjá þér
„Sjáðu", sagði hún
„það nær alveg til Georgs fimmta!"
„Það er alveg nógu langt
gamla hróið mitt!"
„Satt segirðu!" sönglaði hún
og brenndi
Viku-Mannlífs-Heimsmyndina

Ég skildi ekki
hvaða dagur þetta var
fyrir en ég leit út
og sá eld
í hverjum glugga strætisins
og hópa mannvera
sem voru vitlausar í að tala
og ketti, hunda og fugla
sem brostu hver til annars!

MISTÖK Í EINKALÍFINU

Sársaukasalinn kom heim
eftir erfiðan pyndingadag

Hann kom heim með tangirnar
hann lagði frá sér svarta pokann sinn

Konan hans sló hann með opinni taug
og ópi sem aldrei hafði heyrst í faginu

Hann horfði á Dachau hennar daglega lífs
vissi að frami hans var orðinn að engu

Var nokkuð annað að gera?
Hann seldi pokann og tangirnar

fór í hundana - karlmaður verður
að geta skaffað konu sinni

VERKEFNIÐ

Þeir höfðu bersýnilega þörf fyrir heilmikið blóð í þessar tilraunir. Ég leyfði þeim að taka eins og þeir vildu. Sjúkrahúsið var svalt og skipulegt andrúmsloft þess hvatti mig til að fást áfram við mitt eigið verkefni.

Mig langaði alltaf til að kveikja í húsunum ykkar. Ég hef komið inn á þau. Inn um framdyr og bakdyr. Ég vildi sjá þau brenna hægt, svo að ég gæti farið í heimsókn í mörg þeirra og gægst inn um hrynjandi glugga. Mér þætti gaman að sjá hvað verður um hvíta gólfteppið sem þið þóttust alltaf hafa svo litlar áhyggjur af. Mér þætti gaman að sjá hvítan síma bráðna.

Við viljum ekki að of margir lokist inni því að göturnar eiga að fyllast af vesölum æpandi líkómum sem öskra fram og aftur. Ég ætla að hugga ykkur. Ó elsku besta, náttfataflónelið er sviðið inn í holdið! Ég skal rífa það laust!

Mér virðist þeir hafa tekið of mikið blóð. Líklega eru þeir að selja það hinum megin. Hvíti serkurinn sem litli maðurinn var í var blóði drifinn. Litlir menn hafa nautn af að vera nálægt blóði. Fylgjumst bara með þeim í sláturhúsum eða þegar þeir aðstoða við tilraunir með lifandi fólk.

- Hvenær flettirðu þig síðast?

- Á sunnudagsmorgun fyrir stórum hópi í móttökusal Elísabetar drottningar.

- Fyndinn. Þú veist hvað ég meina.

- Fletta mig fyrir hverjum?

- Konu.

- Aha.

Ég þírði augun og hvíslaði í gult eyra hans:

- Best þú komir með hana hingað líka.

- Og það er samt ókeypis?

Auðvitað var það samt ókeypis. Að frátöldu aukablóðinu sem þau stálu. Komið í veg fyrir að sjúkdómur minn leggi

undir sig alla borgina. Hjálpið þessum manni. Veitið honum allt hugsanlegt júdas-kristilegt liðsinni.

Eldur væri bestur. Ég viðurkenni það. Bindið eldibranda á milli refanna og eltið þá um garðana ykkar. Rósrautt ský mundi bæta útsýnið alls staðar frá. Það yrði miskunnarverk. Ó að sjá þökin eyðast og yndislegt, fomt yfirborð landsins rísa á ný.

Verksmiðjan þar sem ég starfa er ekki langt frá sjúkrahúsinu. Sami arkitekt reyndar, og þeim svipar hvoru til annars á ýmsa vegu. Það er þó auðveldara að komast upp með að liggja endilangur í sjúkrahúsinu. En við höfum þó okkar þægindi í verksmiðjunni.

Verkstjórninn veifaði til mín þegar ég kom aftur að vélinni minni. Hann dáðist að sínum eigin liðlegheitum. Ég var nýr í vinnunni en hann hafði samt leyft mér að skreppa frá. Ég nýt þess þegar þrælar sýna göfuglyndi. Hann kom til mín til að skoða verk mitt.

- En þetta er allsendis ófullnægjandi.
- Jæja?
- Félagið sagði að þú værir reyndur saumari.
- Ég er það. Ég er það.
- Þetta er enginn saumur.
- Ja, fyrst þú minnst á það . . .
- Sjáðu hérna.

Hann tók nýjar buxur og þrengdi sér inn á bekkinn við hlið mér. Hann var ákafur í að sýna þetta eina sem hann var fær í. Hann setti stykkinn undir nálina. Þegar hann var hálfnaður niður skálmína og gekk mjög vel setti ég fótinn á fótstigið við hliðina á honum. Óvænt hraðaaukningin kippti fingrinum á honum undir nálina.

Önnur þægindi er vörugeymslan.

Hún er stór og dimm og full af efnisböggum og vafningum.

- En ættirðu ekki að vera að vinna?
- Nei María, það ætti ég ekki.
- Saknar Sam þín ekki?
- Hann er á sjúkrahúsi skilurðu. Slys.

María rekur kaffiteríuna og stjórninn flettir sig reglulega fyrir henni. Það tryggir henni tilhliðrunarsemi.

Ég finn sjúkdóminn þjóta um æðar mér. Ég á von á að munnvatnið í mér missi litinn.

- Já María, ekta kasmír. Þrjú hundruð dollara föt.

Stjórninn á eiginkonu sem hann þarf að fletta sig fyrir af og til. Hún hefur sína mjólkurpósta. Borgin er reglusöm. Hvítar flöskur standa fyrir framan milljón dyr. Og hefðir eru í heiðri hafðar. Skarar af stjórnum eiga sameiginlega ánægjuna af að fletta sig.

Ég verð brjálaður. Þeir munu finna mig við tind Mont Royal þar sem ég þykist vera Djengis Khan. Heltekinn af hlátri og greftri.

- Mjög mjúkan, María. Fyrir það borga þeir.

Eldur yrði bestur. Logar. Bjarmi í gluggum. Tveir bílar sem springa í hverjum skúr. En gæti ég lokið verkinu? Þessi leið er seinfarnari. Hetjulegri að sumu leyti. Auðvitað ekki eins mikilfengleg. En ég hef ríkt ímyndunarafli.

BLÓM

blóm handa hitleri geyspaði sumarið
blóm yfir allt nýja grasið mitt
og hér er lítið þorp
það er verið að mála það vegna hátíðar
hér er lítil kirkja
hér er skóli
hér eru litlir hundar að elskast
fánarnir eru bjartir eins og nýþvegið lín
blóm handa hitleri geyspaði sumarið

VIKTORÍA DROTTNING OG ÉG

Víktoría drottning

faðir minn og allt tóbakið hans elskuðu þig
ég elska þig líka í öllum þínum myndum
grönn óvinsamleg hrein mey sem allir vildu gilja
hvítur líkami fljótandi milli þýskra skeggja
illgjörn valdskona á stóru bleiku landakorti
einlífur syrgjandi eftir konungsson

Víktoría drottning

ég er kaldur og regnvotur
ég er óhrein eins og glerþak á lestarstöð
mér líður eins og innantómri sýningu af brotajárni
ég vil skreytingar á allt

því að ást mín er horfin með öðrum strákum

Víktoría drottning

geymirðu refsingu undir hvítri blúndunni?
verðurðu stutt í spuna við hana
og lætur hana lesa litlar biblíur?
rassskellirðu hana með vélknúnu lífstykki?
ég vil að hún sé hrein eins og púður
ég vil að hörund hennar sé dálítið myglulegt
þar sem það mætir millipilsunum

viltu þvo laust skolið úr hausnum á henni

Víktoría drottning

nútíma ást veitir mér litla lífsfyllingu
viltu koma inn í líf mitt
með sorg þína og svörtu hestvagna
og óskekult minni?

Víktoría drottning

tuttugasta öldin tilheyrir okkur tveimur
við skulum vera tvö alvörugefin tröll
(ekki síður einmana þótt við séum saman)

sem aflita tilraunaglös í höllum vísindanna
sem bírtast óvelkomin við sérhverja heimssýningu
þung af málsháttum og leiðréttingum
og ruglum í ríminu ferðamenn
með stjörnuglýju í augunum
með óviðjafnanlegri tilfinningu okkarfyrir skorti

HLUTSKIPTI

Skilaðu mér húsinu mínu

Skilaðu mér ungu konunni minni

hrópaði ég til fífilsins við stíginn minn

Skilaðu mér skurðhnífnum mínum

Skilaðu mér fjallasýninni minni

sagði ég við fræin hjá stígnum mínum

Skilaðu mér nafninu mínu

Skilaðu mér æskulistanum mínum

hvíslaði ég í rykið þar sem stígurinn varð að engu

Syngdu nú!

Syngdu nú!

söng húsbóndi minn þar sem ég beið í hráslagaroki

Er ég hingað kominn fyrir þetta?

hugsaði ég þar sem ég beið í glænepjunni

loksins tilbúinn til að rökstyðja þögn mína

Seg mér húsbóndi

hreyfast varir mínar

eða hvaðan kemur þetta

þessi mjúki algjöri söngur sem knýr sálu mína

eins og saltspjót inn í bergið

Skilaðu mér húsinu mínu

Skilaðu mér ungu konunni minni

GAMLÁRSKVÖLD

Ég vildi mega minna
alla viðstadda á
að drykkimír eru vatnsblandaðir
og að hattastúlkan
er með sárasótt
og að hljómsveitin er skipuð
fyrirverandi SS-skrímslum
En samt úr því að nú er gamlárskvöld
og ég er með varakrabba
ætla ég að setja
pappírshattinn minn
á heilahristinginn og dansa

HEIMURINN

Heimurinn stóri mun komast að
þessu um bóndabæinn
heimurinn stóri mun kynna sér
smáatriði þess
sem ég hafðist að í tundurspillinum

Og fróðlegt líf þitt með mér
verður efni í svo margar sögur
að enginn mun trúá því
að þú hafir elst

Úr bókinni „Parasites of Heaven" (1966)

ÞAÐ SNJÓAR

Það snjóar
Það er nakin kona í herberginu mínu
hún skoðar vínlistað teppið á gólfinu

Hún er átján
hún er með slétt hár
og hún talar ekki Montreal-mállýsku

Hana langar ekki til að setjast
hún hefur enga gæsa húð
við heyrum vindinn gnauða

Hún kveikir sér í sígarettu
með eldavélinni
hún heldur síðu hárinu frá

BLÁTT FIÐRILDI

Ekkert hefur brotnað
þótt einn hlekkur keðjunnar
sé blátt fiðrildi

Hér var ráðist á hann
þeir brostu er þeir komu og drógu sig í hlé
eftir að blátt ryk kom þeim í opna skjöldu

Bakkarnir svo kunnugir málminum
sem þeir útbjuggu í vængi
þykkar hvelfingarnar flöktu

Fallegar stúlkurnar komu nær
fingur þeirra mynduðu bolla
það blæddi úr munnum þeirra
eins og þær hefðu orðið fyrir eldingu

Kviðdómurinn bað um vægð
snerti bláu loftnetsstöngina
og var tekinn af lífi með raflosti

Prýstingur á sérhvern hlekk
hefði kannski komið honum niður
en þið miðuðuð öll á bláa fiðrildið

SÚSANNA KLÆÐIST KÁPU ÚR LEÐRI

Súsanna klæðist kápu úr leðri
Fótleggir hennar eru tryggðir
af mörgum brenndum brúm
Kálfar hennar eru spenntir eins og þanin segl í úrslitakeppni
harðir af að fylgja tónlist
handan þeirra mæra sem nokkur hlustar á

Súsanna klæðist kápu úr leðri
því að hún er ekki óbreyttur borgari
hún gengur aldrei kæruleysislega
niður stræti heilagrar Katrínar
því að í hverju skrefi
verður hún að frelsa hópa hinna vansköpuðu
og rigsa yfir akur risastórra haglsteina
sem aldrei bráðnuðu
- ég á við kirkjugarðinn

Rísið upp! Standið!
Súsanna gengur hjá
Hún klæðist kápu úr leðri
hún stansar ekki til að binda um brotin
sem hún gengur hjá
hún má ekki stansa
hún má ekki hafa peninga á sér
Margir eru þeir sem vinna að mannúðarmálum

Fáir þjóna sírenublóminu
fáir lækna með þoku
Súsanna klæðist kápu úr leðri
brjóst hennar æpa á marmara
umferðin stöðvast
fólk fellur út úr bílum sínum
engar afrugluðustu hugsununum eru nógu villtar
til að byggja stappfulla kristalborgina
sem hún mundi splundra með skóhljóðinu einu

HJÓNABANDSINS ÞULA

Tvö fóru að sofa
næstum hvert kvöld
annað dreymdi leðju
annað dreymdi Asíu
heimsótti loftbelg
heimsótti Nijinský

Tvö fóru að sofa
annað dreymdi rifbein
annað dreymdi þingmenn

Tvö fóru að sofa
tveir ferðalangar
Hjónabandið langa
í dimmunni
Svefninn var gamall
ferðalangar gamlir
annað dreymdi epli
annað dreymdi Karþagó

Tveir vinir sofandi
árin læst á ferð
Góða nótt mín kæra
er draumurinn kvaddi
annað ferðaðist léttilega
annað fór um vatn
heimsótti skáktafl
heimsótti símklefa
komu alltaf aftur
til að bíða dagsloka
annað hélt á eldspýtum

annað kleif býpúfu
annað seldi heyrnartæki
annað skaut Þjóðverja

Tvö fóru að sofa
sérhver svefn fór saman
dreifðist síðan burt
af gagnsettu borði
annað dreymdi gras
annað dreymdi pílára
annað gerði kostakaup
annað var snjómaður
annað taldi meðöl
annað nagaði blýanta
annað var barn
annað var svikari
heimsótti þungaiðnað
heimsótti fjölskylduna

Tvö fóru að sofa
hvorugt gat sagt fyrir
annað fór með körfur
annað fór með stiga
ein nótt í hamingju
ein nótt í kvöl
ástin gat ekki tengt þau
óttinn ekki heldur
þau fóru án tengsla
vissu aldrei hvert
komu alltaf aftur
til að bíða dagsloka

skildust með kossum
skildust með stunum
heimsóttu dauðann
uns þeim var ekki lengur

fagnað
heimsóttu dauðann
uns rétta gríman dugði

HANN VAR SVO FALLEGUR

Hann var fallegur þar sem hann sat einn, hann var eins og ég, hann var með hvíta jakkaboðunga, hann hélt á drykkjarkönnu á erfiðasta hátt sem hægt er svo að fingur hans voru allir snúnir en samt langir og fallegir, honum fannst ekkert gott að sitja einn allan tímann en ég sver að í þetta sinn var honum sama.

Ég skal segja þér hvers vegna mér finnst gott að sitja einn því að ég er sadisti, þess vegna finnst okkur gott að sitja ein því að við erum sadistarnir sem finnst gott að sitja einir.

Hann sat einn því að hann var fallega klæddur í tilefni dagsins og af því að hann var ekki óbreyttur borgari.

Við erum sadistarnir sem þú heldur að þú þurfir ekki að hafa áhyggjur af og við höfum enga skoðun á því hvort þú þurfir að hafa áhyggjur af okkur og okkur langar ekki einu sinni til að hugsa um þetta því að það er okkur óskiljanlegt.

Kannski skiptir hann mig engu máli lengur en ég hugsa að hann hafi verið eins og ég.

Þú hélst að þú yrðir ekki ástfanginn, sagði ég við sjálfan mig og um leið svaraði ég hljóðlega: Heldurðu það?

Ég heyrði þig söngla fallega, söngl þitt sýndi mér að ég get ekki látið sem ég sjái þig ekki, að ég hafi loks komist yfir fjölda gómsætra ástæðna sem aðeins þú vissir um og hér er ég, ungrú Blóð.

Og þú kemur ekki aftur, þú kemur ekki aftur þangað sem þú yfirgafst mig og þess vegna heldurðu upp á símanúmerið mitt, svo að þú veljir það ekki af misgáningi jafnvel þegar þú ert að fíflast með skífuna og ekki einu sinni að velja númer.

Þú byrjar að fara í taugarnar á okkur með kvöl þinni, við höfum því ákveðið að breyta kvöl þinni.

Þú sagðist vera hamingjusamastur þegar þú værir að dansa, þú sagðist vera hamingjusamastur þegar þú værir að dansa við mig, hvort áttu við?

Og síðan breyttum við kvöl hans, við köstuðum til hans hugmynd að líkama og við sögðum honum brandara og þá hugsaði hann mikið um hlátur og um lausnina.

Og hann hélt að hún héldi að hann héldi að hún héldi að það versta sem kona gæti gert væri að tæla karlmann frá vinnu sinni því að það gerði hana hvað, ljóta eða fagra?

Og nú hefur þú komist inn í stærðfræðihluta sálarinnar sem þú þóttist aldrei hafa. Ég býst við að þetta, auk ástarsorgarinnar, fái þig til að trúa að nú hafir þú fullkominn rétt til að fara á vettvang og temja sadistana.

Hann kunni síðustu ljóðlínu hvers erindis í söngnum en engar aðrar ljóðlínur, síðasta línan var alltaf eins: Kallaðu sjálfan þig ekki leyndarmál nema þú ætlir engum að segja það.

Hann hélt sig vita, eða vissi í raun of mikið um söng til að vera söngvari og séu í raun til slíkar aðstæður - er einhver þar og fæðast sadistar þar?

Þetta er ekki spumingarmerki, þetta er ekki upphrópunarmerki, þetta er lokapunktur mannsins sem skrifaði Sníkjudýr Himnaríkis.

Jafnvel þótt við styddum mál okkar mjög skýrt og allir sem eru eins haldnir stæðu með okkur, hver einn og einasti, yrðum við samt mjög fáir.

ÉG ER PRESTUR GUÐS

Ég er prestur Guðs
ég geng niður veginn
með vasana í höndum mér
Stundum er ég vondur
en svo er ég stundum mjög góður
Ég trúi því að ég trúi
öllu sem ég ætti að trúa
Mér finnst gott að heyra þig segja
þegar þú dansar við veltandi höfuð
á silfurfati
að ég sé prestur Guðs

Ég hélt ég væri að gera 100 aðra hluti
en ég var prestur Guðs
Ég elskaði 100 konur
sagði aldrei sömu lygina tvisvar
sagði: Ó Kristur þú ert eigingjarn
en ég skipti brauðinu mínu og hrísnum á milli
ég heyrði rödd mína segja fjöldanum
að ég væri einn og væri prestur Guðs
það gerði mig svo tóman
að jafnvel nú árið 1966
er ég ekki viss um hvort ég sé prestur Guðs

BÆN TIL ÞÍN, ÓKUNNI GUÐ

Ókunni Guð, þú sem ríkir í jarðneskri dýrð milli hins guðlausa Guðs og þessa gráðuga sjónauka míns, snertu hulinn frauðvöðva minn, hringdu bjöllum af krafti til að tilkynna komu mína, ég verð að leggja undir mig Babýlon og New York. Veldu mér verðmæt tákni, lyftu mér upp til þinna hæða. Þú og ég, kæri ókunni Guð, við erum báðir djöflar sem hljótum að hverfa í eilífu skriðljósi, fálmandi neistum sem teikna útlínur allra úreltra forma. Við hljótum brátt að hverfa í grundvallar-tilraunum Kodakverksmiðjanna, í eyrnardýrðinni að baki dýrðar okkar, í kalkkenndu ískri takmarkalausasta unaðar okkar. Við erum trúir bóndadurgar mólétinnar fallhlífarinnar, guðdóms hjálpræðisins, við greiddum háar upphæðir fyrir hinn fullkomna heilaga kláða, fyrir hnéskel pílagraíma, fyrir vanskapaðar axlir undir byrði, fyrir sigurvissan snjómanninn sem ekki verður kalt. Niður með englana þína, ókunni Guð, niður með okkur, snillinga töfranna, inn í foruga elda fjarlæg-asta ástríðugarðs okkar, við skulum fela okkur í hendur þess nú, forarpytti, gæggugöt, óvistlega útsjávarviðhöfn, séð um réttan enda sjónaukans, minni háttar bruna, lengstu gerð af sígarettum, málsbót helfarar og kjarnorku, við skulum fela okkur í hendur ómældrar útleigðar handan þeirra reglna sem gilda utan laga og réttar. Ó Guð, í ókunni eða guðlausri mynd þinni, í mynd talsýnar þinnar eða hringsýnar banvæns þumals þíns, stöðvaðu alla stefnu, myldu þetta niður, bannfærðu vitn-
eskjuna sem þú þrýstir á tungu hans.

Ljóð ort eftir 1966

ÞETTA ER HANDA ÞÉR

Þetta er handa þér
þetta er hjarta mitt ósvikið
þetta er bókin sem ég ætlaði að lesa þér
þegar við yrðum gömul
Nú er ég skuggi
ég er eirðarlaus eins og heimsveldi
Þú ert konan
sem frelsaðir mig
Ég sá þig horfa á tunglið
þú hikaðir ekki við
að elska mig með því
ég sá þig tjá lotningu þína
vindblómum tíndum á milli kletta
þú elskaðir mig með þeim
Á mjúkum sandinum
milli fjörusands og fjöruborðs
bauðstu mig velkominn í hringinn
meira sem gest

Allt þetta gerðist
í sannleika tímans
í sannleika holdsins
Ég sá þig með barni
þú fórst með mig til ilms hans
og sýna hans
án kröfu um blóð

Og svo mörg viðarborð
prýdd mat og kertum
þúsund sakramenti
sem þú barst í körfu þinni
Ég heimsótti leir minn
ég heimsótti fæðingu mína
þar til ég varð nógu smár
og nægilega hræddur
til að fæðast á ný
Ég þráði þig vegna fegurðar þinnar
þú gafst mér meira en sjálfa þig
þú veittir mér affegurð þinni
þetta eitt lærði ég í nótt
þar sem ég rifja upp speglana
sem þú gekkst burt frá
eftir að þú hafðir gefið þeim
það sem þeir kröfðust
fyrir vígslu mína
Nú er ég skuggi
Ég þrái endimörk
flakks míns
og ég færist
fyrir afl bænar þinnar
og ég færist
í átt til bænar þinnar
því að þú krýpur á kné
eins og blómvöndur
í beinahelli
bak við enni mitt
og ég færist í átt til ástar
sem þig dreymdi handa mér

ÞÚ ÞARFT EKKI

Þú þarft ekki að elska mig
bara af því
að þú ert allar konurnar
sem ég hef þráð
Ég fæddist til að elta þig
hverja nótt
þar sem ég er enn
mennirnir mörgu sem elska þig

Ég hitti þig við borðið
ég tek um hönd þína
í virðingarverðum leigubíl
Ég vakna einn
hönd mín hvílir á fjarveru þinni
í Hótel Röð og reglu

Ég skrifaði alla þessa söngva fyrir þig
ég brenndi rauð og svört kerti
í laginu eins og maður og kona
Ég giftist reyknunum
úr tveim pýramíðum úr sandelvið
Ég bað fyrir þér
ég bað þess að þú elskaðir mig
og að þú elskaðir mig ekki

ÉG HITTI ÞIG

Ég hitti þig
rétt eftir að dauðinn
varð sætur í reynd
Þar varst þú
24 ára gömul
Jóhanna af Örk
Ég fylgdi þér eftir
með allri list minni
með öllu
Þú veist að ég er Guð
sem þarf að nota þig
sem þarf að nota þig
til að syngja um ást
á þann hátt sem enginn
hefur sungið áður
þú ert mín
þú ert ein af síðustu konunum mínum

HÚN SYNGUR SVO VEL

Hún syngur svo vel
með ástríðulausri rödd
Hún syngur svo ein
til að segja okkur öllum
að við séum ófundin enn

TIL ÞESS YRKI ÉG

Til þess yrki ég
að skapa eitthvað
eins fallett og þú ert

Þegar ég er með þér
langar mig að verða eins hetja
og mig langaði að vera
þegar ég var sjö ára
fullkominn maður
sem drepur

KJÖTÆTUR OG ANNAÐ FÓLK

Maður sem borðar kjöt
vill sökkva tönnunum í eitthvað
maður sem ekki borðar kjöt
vill sökkva tönnunum í eitthvað annað
Ef þessar hugleiðingar vekja áhuga þinn eitt andartak
ertu glataður

AÐ LOKUM

Hver segir að lokum
að þú sért fullkomin?
Hver mun kjósa þig
til að ná valdi yfir leyndarmálum þínum?

Ég syng þetta fyrir börn þín
ég syng þetta fyrir krybbur
ég syng þetta fyrir herinn
fyrir alla sem ekki þurfa

Hvern munt þú ávarpa
fyrstan í fyrramálið?
Draumar þínir eru svo smáborgaralegir
að þú neitar að birtast sjálf í þeim

Hve fagrir eru hinir alvörugefnu
Já ég hef tekið eftir þér
Þess manns sem gefur þér peninga
verður minnst vegna stoltsins

Ég elska að tala svona við þig
því að ég veit hvernig þú komst til mín
gættir þess að minnast ekki á neitt
sem gæti tekið upp tíma okkar

Þegar þú ert þjökuð
þegar silfur þitt er þjakað
taktu þá þessa bók úr hillunni
og finndu þér stað í höfði mér

FRÉDÉRIQUE LITLA

Það er gott að sitja með fólki
sem er lengi á fótum
hin heimilin okkar mást burt
og aðrar máltíðir sem við yfirgefum
ólokna á borðum
Aðeins kaffi
og sígaretta píanóleikarans
og söngur Tim Hardins
og söngurinn í höfði þér
sem fær mann til að bíða
Ég hugsa til þín
Frédérique litla
með hvíta hvíta hörundið
og sögurnar þínar um auð
í Normandý
Ég held ég hafi aldrei sagt þér
að mig langaði til að bjarga heiminum
þar sem við horfðum á sjónvarpið
á meðan við elskuðumst
pöntuðum grísk vín
og ólífur handa þér
á meðan vinur minn
dreifði dollaraseðlum
yfir höfuð magadansmeyjarinnar
við undirleik klarinetta á 8. Breiðstræti
hlustuðum á áætlanir þínar
um fína gæludýrabúð í París
Móðir þín hringdi í mig
hún sagði að ég væri of gamall fyrir þig
og ég var sammála
en þú komst upp á herbergið mitt

morgun einn eftir langan tíma
því að þú sagðist elska mig
Af og til hitti ég karlmenn
sem sögðust gefa þér peninga
og sumar stúlkur hafa sagt
að þú værir nú engin sýningarstúlka
Vita þær ekki hvað það er
að vera einmana
þrá soðin egg í silfurbikurum
þrá stóran hund
sem hlýðir rödd manns
þrá regn í Normandý
séð í gegnum blýkantaða glugga
þrá hraðskreiðan bíl
þrá spergil á veitingahúsi
þrá venjulegan prins og landkönnuð?
Ég er viss um að þær vita það
en öll erum við sköpunarverk öfundarinnar
við þörfnumst þess að styðja steingerðum
fingurnöglum okkar
á fegurð einhvers annars
við krefjumst ástar í meinum
hjá öllum sem við hittum
en gefum ekkert fyrir hversdagslega ást
Brjóst þín eru fögur
af þeim er hlýtt postulínsbragð
tilbeiðslu og græðgi
Augu þín koma til mín
undan fullkomnum oddum
óforgengilegra augnhára
Munnur þinn lifir
á frönskum orðum
og mjúkum leifum farðans þíns

Aðeins með þér
hermdi ég ekki eftir sjálfum mér
aðeins með þér
bað ég ekki um neitt
langir langir fingur þínir
losa um hár þitt
kniplingablússan þín
fengin að láni
hjá ljósmyndara
ljósin á baðinu
glampa á nýlökkuðum rauðum nöglunum
háir fótleggir þínir blasa við
þar sem ég fylgist með þér úr rúminu
á meðan þú þurrkar döggina
af speglinum
svo að hún starfi handan víglínu óvinarins
í meistarastykkinu þínu
Komdu til mín ef þú verður gömul
komdu til mín ef þig vantar kaffi

MARITA

MARITA
FINNDU MIG FYRIR ALLA MUNI
ÉG ER AÐ VERÐA 30